



Valgerður Guðnadóttir ásamt þeim Sigurði Helga Oddssyni á pianó og Matthíasi Stefánssyni sem mundar önnur hljóðfæri. Hér með fiðluna að vopni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sérsamið tónlistarævintýri Völu á karnivali í Kópavogi

Á morgun ríkir karnivalstemning í Menningarhúsum Kópavogs, með smiðjum, danspartí og jóga, bláum kubbum fyrir yngstu gestina, marokkósku teboði og henna-húðflúri. Söngkonan Valgerður Guðnadóttir hefur þróað dagskrá fyrir Menningarhúsin sem er miðuð að þátttöku gesta.

Karnival í Menningarhúsum í Kópavogi stendur yfir frá klukkan 13 til 16 á morgun, laugardag. Boðið verður upp á smiðjur í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu, danspartí og jóga á Bókasafni Kópavogs, risakubba í Gerðarsafni og marokkóskt teboð og henna-tattú í anddyri Náttúrufræðistofu Kópavogs. Söngkonan Valgerður Guðnadóttir er ein þeirra sem fram koma en hún hefur verið að þróa nýtt tónlistarævintýri fyrir Menningarhúsin sem er miðuð að þátttöku gesta og verður það flutt í Salnum klukkan 14 á laugardeginum en með Valgerði verða pianóleikarinn Sigurður Helgi Oddsson og Matthías Stefánsson sem mundar önnur hljóðfæri. „Ævintýrið fjallar um stúlkuna Fljód sem dregst inn í ævintýraveröld þar sem hún ferðast á milli margra landa og aldrei að vita nema áheyrendur þurfi að hjálpa til við framvindu ævintýrisins.“

„Ævintýrið fjallar um stúlkuna Fljód sem dregst inn í ævintýraveröld þar sem hún ferðast á milli margra landa og aldrei að vita nema áheyrendur þurfi að hjálpa til við framvindu ævintýrisins.“

til margra landa og tekur þátt í mismunandi tónlistarflutningi. Tónlist frá ólíkum löndum verður flutt og aldrei að vita nema áheyrendur þurfi að hjálpa til við

framvindu ævintýrisins,“ segir Valgerður.

Valgerður hefur tekið að sér að sjá um nokkrar fjölskyldustundir á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi í vetur. Hún er ekki ókunn þessum stundum eftir að hafa haldið nokkra tónleika, meðal annars Disney-tónleika þar sem ungir sem aldnir sungu með.

„Í vetur verðum við með fjölbreytta dagskrá. Þetta verður fyrsta fjölskyldustundin sem við Sigurður sjáum um. Þetta er tónlistarviðburður dulbúinn sem hálfgerð leikhús. Ég kalla þetta tónlistarævintýri en í því mætast margir þekktir og óþekktir tónlistarstílar.“

Dagskráin á laugardaginn stendur frá kl. 13-16 og er öllum opin. Danspartí á Bókasafninu hefst kl. 13.30, tónleikar í Salnum kl. 14.00, henna-tattú á Nátt-

Laugardagur 31. ágúst

13.00-15.00

Textil- og útsaumssmiðja í Náttúrufræðistofu

13.30

Danspartí á bókasafni

14.00-16.00

Teppasmiðja í Gerðarsafni

14.00

Vala Guðna og félagar flytja tónlist frá ýmsum löndum í Salnum

13.00-15.00

Kubbaflúr frá Smástund í Gerðarsafni

14.00-16.00

Henna-tattú og marokkóskt teboð í anddyri Náttúrufræðistofu

15.00

Frískandi fjölskyldujóga

Dagskráin er liður í Fjölskyldustundum á laugardögum. Allir velkomnir og ókeypis þátttaka.

úrufræðistofu er frá kl. 14-16 og frískandi fjölskyldujóga kl. 15. Smiðjur í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu standa yfir frá kl. 13-16 sem og kubbaflúr fyrir yngstu börnin í Gerðarsafni.

Nánar um dagskrána og Fjölskyldustundir á laugardögum má finna á menningarhusin.kopavogur.is og einnig er hægt að nálgast bækling í öllum Menningarhúsum.